

## Fundur í stjórn UÍA haldin á Egilsstöðum þann 26.11.2019

Kl. 17:10

Mætt eru: Benedikt Jónsson, Gunnar Gunnarsson, Gunnar Gunnarson,  
Elsa Sigrún Elísdóttir og Pálína Margeirsdóttir.

- **Síðasta fundargerð**

Fundargerð síðasta fundar samþykkt með dúndrandi lófaklappi.

- **Skýrsla skrifstofu**

Pálína Margeirsdóttir heimsótti umf Austrá á 80 ára afmæli félagsins í október og sagði frá því.

Gunnar Gunnarsson stefnir á að heimsækja Einherja á Vopnafirði á 90 ára afmæli í byrjun desember.

- **Úthlutun Spretts**

Fer fram á Neskaupstað fimmtudaginn 28 nóvember kl. 17:00

Benedikt Jónsson mætir fyrir hönd stjórnar UÍA

- **Snæfell:**

Er á góðu róli, stefnt að útkomu um 10 desember. Gunnar Gunnarsson stefnir á að komast í skoða hvað er tilbúið í blaðið, gert ráð fyrir að meira verði klárt eftir ca viku.

- **Verkefnin framundan**

Spurning um að athuga með frjálsípróttamót fyrir 10 ára og yngri, eins og haldið var í mörg ár á Fáskrúðsfirði. Gunnari Gassa falið að heyra í Hjördísi Ólafs og athuga með frjálsípróttaráð UÍA og eins að heyra í Leiknisfólki.

Rætt um að vera með fyrirlestur (fræðslu) til foreldra hvernig styðjum við við börnin okkar, erum við bara að búa til heimsmeistara, hvernig erum við að standa við bakið á börnunum okkar, við æfingar í keppni. Gætum einnig tekið fyrir, gerir unga fólkið okkar sér grein fyrir hversu miklar fyrirmyndir þau eru og hvernig gerum við betur þar. Fólkið sammála um að við þurfum að fara á fleiri staði en 1, jafnvel 4 staði t.d Vopnafjörð, Egilsstaði, Fáskrúðsfjörð og Djúpavog. Gunnari Gassa framkvæmdastjóra falið að ræða við UMFÍ.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.19:30

Fundargerð ritaði Pálína Margeirsdóttir